

# Lög

## um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (greiðslumark mjólkur).

---

1. gr.

2. og 3. mgr. 53. gr. laganna falla brott.

2. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Öll aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur skulu fara fram á markaði. Þó er heimil tilfærsla greiðslumarks milli lögbýla í eigu sama aðila og við ábúendaskipti eða breytingu skráningar ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða. Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um nánari framkvæmd markaðar með greiðslumark, forgang nýliða og frekari skilyrði fyrir tilfærslu eða breytingu skráningar greiðslumarks.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

---

*Samþykkt á Alþingi 17. desember 2019.*